



2, 4.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Marz 1907.

PASKAR.

Hátíð upprisu Jesú. Hátíð lífsins og ljóssins. Stærst allra hátíða. Hátíð dýrðlega sigursins, sem drottinn Jesús vann, þegar hann reis upp frá dauðum.

Nú þurfum við ekki að óttast neitt. Ekki syndina. Jesús vann sigur yfir henni. Ekki dauðann. Jesús vann sigur yfir honum. Ekki djöfulinn. Jesús sigraði hann.

Sigur Jesú var sigur okkar manna; því við áttum Jesúm. Guð gaf okkur hann. Og hann sjálfur gaf okkur sig, til þess að lifa fyrir okkur, líða og deyja fyrir okkur og upprísa. Stríðið hans alt var okkar stríð. Sigurinn hans var þá okkar sigur.

Þegar við trúum á Jesúm, þá könnumst við við þetta, að sigurinn hans hafi verið sigurinn okkar. Með því að trúá á hann segjum við þetta: Já, drottinn Jesús! Þú hefir unnið sigur fyrir okkur. En þegar við viljum ekki trúá á hann, þá beinlínis neitum við því, að sigurinn hans sé sigurinn okkar.

En að lífið okkar yrði *sigur!* Hvað það væri dýrðlegt! Okkur langar til þess. Við viljum ekki, að það verði ósigur— að hið illa og ljóta fái yfirhöndina og verði ofan á. Ef það er

sterkasta aflið í okkur og verður ofan á, þá verður lífið okkar ósigur.

Trúum á Jesúm, sem dó fyrir okkur og uppreis. Látum hann hafa sterkustu áhrifin á okkur. Og það gerum við, ef við trúum á hann. Og þá verður lífið okkar sigur. Hann sér um það. Hann lætur engan, sem trúir á hann, verða undir. „Hver sem trúir á mig, hann mun lifa, þótt hann deyi“ — hefur hann sjálfur sagt. Sigurinn verður eilífa lífið.

Sterki Jesús! Sigursæli höfðingi lífsins! láttu okkur öll trú á þig, svo að við getum átt vissa von um, að lífið okkar verði sigur.

SÓLSKINS - BÖRNIN.

Lára og Lína eru elskulegir tvíburar. Þær eru svo líkar, að mamma þeirra er stundum í vandræðum með að þekkja þær að. Svo kátar eru þær og lundgóðar, að pabbi þeirra kallar þær „litlu sólskins-börnin“. Tilhugsunin að hitta þær við hliðið heima hjá sér, þegar hann kemur úr vinnu sinni heim á kvöldin, fagnandi honum með hýru andlitunum, er honum gleðiefni allan daginn.

En litlu stúlkurnar þær arna dreifa sólskini með öðru móti líka en með brosinu sínu og glaða söngnum. Litlu fæturnir eru ætíð til að hlaupa í erindum fyrir mömmu, sem á svo annríkt. Og litlu hendurnar létta undir með henni á margan hátt. Auk þess má mamma ætíð treysta þeim. Líklega hjálpa þær henni mest og best heima á þann hátt. Hvort heldur þær eru úti að leika sér eða þær eru inni að passa hann litla bróður sinn, má mamma þeirra vera ókviðin. Hún veit, að þær fara aldrei lengra en hún hefur leyft þeim. Og aldrei bregðast þær henni. Ef önnur fær sætabrauðsköku eða epli eða apelsínu, þá er hin viss með að fá stærri helminginn. Á þennan hátt, í kærleika hvor til annarrar, vaxa þær upp samhliða. Og þó naumast megi telja þær annað en ungabörn, kenna þær öðrum gleðiboðskap kærleikans með lífi sínu.

Úr *The Lutheran*.

HANN BAD.

Maður nokkur segir þessa sögu:

Fyrir nokkrum árum var eg háseti á skipinu Heroine, sem þá var á leið til Montevideo.*) Við vorum austur af Bermudaeyjunum**) og sigldum fyrir einrifuðum toppseglum. Það var á lágnættisvökunni. Háseti annar að nafni Georg og eg vorum á verði í framstafni skipsins. Eg var að tala við hann um liðna æfi og um guðræknina, sem mér var tamin í heimahúsum. Hann hló að öllu saman og sagði, að enginn guð væri til og að alt þetta tal væri tómur hégómi.

Varðklukkan hringdi, og var skift um vörð. Þá var kallað á menn að skipspumpunni. Georg þreif vatnsfötu og ætlaði að ná í vatn til þess að hella í pumpuna; en um leið og hann kastaði henni útbyrðis og hún greip í sjóinn, kom svo snöggur hnykkur á, af því skipið var á töluverðri ferð, að hann kiptist útbyrðis. Að vörmu spori heyrðist kallað: „Maður fyrir borð!“ Við vorum á bakborða slag. Stýrimaður hrópar: „Stýrið á stjórnborða, fljótt!“ Skipið sneri sér óðar á stjórnborða. Og við gátum heyrt Georg æpa í myrkrinu: „Bjargið mér! Bjargið mér! Bjargið mér!“

Bátur var óðar látinn síga niður, en á leiðinni hjóst gat á hann, svo hann tók að fylla af vatni. Brytinn kom okkur til hjálpar með ullahábreiður, sem við stungum í gatið og héldum sjónum úti með. Nóttin var niðadimm. Og töluverður sjógangur. Tafarlaust héldum við á stað út í myrkrið og fórum eftir hljóðinu eins vel og okkur var unt, þar til við náðum þangað, sem vesalings Georg var að berjast við öldurnar, fjórða part úr enskri mílu frá skipinu. Hann var góður sundmaður, og hafði honum tekist að halda sér stöðugt uppi. Við náðum honum inn í bátinn og komumst aftur heilir á hófi til skipsins, en með hálf-fullan bátinn af vatni. Þrjátíu mínútur liðu frá því að hann skall útbyrðis og þangað til við vorum

*) Höfuð-taðurinn í ríkinu Uruguay í Suður-Ameríku.

**) Breskar eyjar í Atlanshafinu austur af Carolínuríkjunum í Bandaríkjunum.

búnir að koma honum í rúmið hans í framstafninum og hagræða honum eins vel og við höfðum vit á.

Morguninn eftir spurði eg hann: „Héltstu, að skipið myndi fara frá þér og að úti væri um þig?“

„Já, eg hélt það“—sagði hann.

„Vertu nú einlægur, Georg. Segðu mér, hvað þú gerðir þá.“

„Eg bað til guðs“—sagði hann.

„Eg hélt, að þú tryðir ekki á guð.“

Hann svaraði: „Þegar maður hefir dottið útbyrðis og niðamyrkur er og skipið er að fara frá manni og ekkert annað liggur fyrir en að drukna, þá er hugsað öðruvísi og talað öðruvísi en þegar setið er í makindum í framstafni skipsins og sögur eru sagðar.“

Upp frá þessu heyrðist hvorki trúleysis- né guðleysis-tal til Georgs aumingjans; en hann fékk aldrei heilsuna aftur. Við urðum að skilja hann eftir á sjúkrahúsinu í Montevideo. Og þar dó hann.

Þetta er eitt af óteljandi dæmum, er sýna, að trúleysið stenst ekki próf lífsreynslunnar á hættustundunum. Þegar líðan er góð og öllu er óhætt, þá gerir margur maðurinn gys að trú og öllu guðlegu; en á bak við felur hræsnin sig. Það er eins og með manninn, sem lengi hafði trúnað því, að enga hegning í öðru lífi væri að óttast. Einu sinni var hann að plægja með uxum sínum. Þá segir hann: „Auðvitað trúi eg þeirri kenningu [að engin slík hegning sé til]—eg trúi henni, en eg skyldi gefa uxana mína til þess að vita vissu mína.“ Þetta er meinið. Menn látast trúna því, sem þeir vilja trúna. „Ætlar margur það óskar sér.“ En mikið vildu þeir gefa fyrir að verða vissir um, að trú þeirra hafi við áreiðanleika að styðjast. En um það fá þeir ekki fullvissað sig.

ABRAHAM LINCOLN SKRIFAR UNDIR BINDINDIS-HEITID.

Margar skemtilegar sögur eru sagðar um Abraham Lincoln. Ein þeirra er frá æskuárum hans mjög merkileg. Sú saga

ætti að segjast upp aftur og aftur, svo að hver drengur í Ameríku gæti fengið að heyra hana og gæfi henni gaum. Drengir núna njóta margs þess, sem Lincoln fór á mis við. En ýmislegt var það, sem hann fékk að njóta, en þeir fara á mis við. Náttúran var honum kær; enda hafði hún mikil áhrif á hann. Fáar bækur átti hann, en þær bækur, sem hann átti, las hann vel. Og þær komu honum, drengnum, til þess að hugsa alvarlega og djúpt.

Hann var næmur fyrir öllu góðu og göfugu. Það er því engin furða, þó hann yrði með vínbindindi undir eins og hann kyntist því máli.

Þegar Lincoln var drengur, drakk nær því hver maður. Og færri voru þeir, sem þá töluðu máli bindindis, en nú. Á meðal þeirra, sem unnu að því máli á þeim dögum, var „gamli Jón frændi“ eins og hann var kallaður. Hann safnaði fólki saman á fundi í skólahúsunum úr óhöggnu bjálkunum hér og hvar í hinum strjálbygðu sveitum þess landshluta. Fólk kom af forvitni. En sinti venjulega málinu sjálfu lítið.

Eitt minnistætt kvöld endaði hann bindindisræðu sína með áskorun til manna um að koma og skrifa undir bindindisheitid. Sagan segir, að að eins einn hafi hreyft sig. Hár og slánalegur drengur stóð á fætur og kom inn ganginn. Jafnvel í þeim hóp, sem lítinn menningarbrag hafði á sér, kom hann klunnalega fyrir sjónir, í slitnum fötum mjög grófgerðum; buxaskálmur og ermar voru langt um of stuttar. En það sló kyrð á karlmannahópinn, þegar drengurinn, einbeittur á svipinn, beygði sig niður og skrifaði undir „Abraham Lincoln.“

Sagan geymir það, sem gerðist það kvöld. Lincoln þakkaði ávalt bindindis-reglu sinni mikið af velgengni sinni í lífinu. Og mörgum árum seinna, þegar hann var orðinn forseti Bandaríkjanna, hafði hann ánægju af því að hafa hjá sér í „Hvítahúsinu“ „Jón gamla frænda“ fyrir gest. Sagði hann þá við Jón: Eg á þér meira upp að unna en nærri því nokkrum öðrum, sem mér kemur til hugar. Ef eg hefði ekki skrifað undir bindindis-skuldbindinguna hjá þér á freistinga-tíma æsku minnar, hefði líklega farið fyrir mér eins og fór fyrir svo mörgum

af fornu lagsbræðrum mínum. Þeir lifðu lífi drykkjumanna, og liggja nú í gröfum þeirra.“

Aldrei vék Lincoln frá bindindis-reglu sinni, hvernig sem á stóð. Þegar búinn var að útnefna hann til að sækja um forsetaembættið, kom bindindis-afstaða hans undir eins í ljós með því, hvernig hann tók á móti nefndinni, sem kjörin hafði verið til þess að tilkynna honum útnefninguna. Það var álitnið sjálf-sagt, að nefndinni yrði veitt vín. Og vinir Lincolns komu inn með vín og vínglós. Lincoln þakkaði þeim greiðann, sem þeir ætluðu að sýna honum, en bað að taka burtu vínið, en færa sér aftur könnu með vatni í og vatnsglós, um leið og hann sagði: „Við skulum drekka flokk okkar til heilla í besta drykk þeim, sem búinn er til handa mönnum.“

Úr *Temperance Banner*.

AD VERA FLJÓTUR AÐ KLÆÐA SIG.

Einu sinni áður hefir verið minst á þetta í „Börnunum“. Var bent á, hvað nauðsynlegt það væri fyrir börn, að venja sig á að vera fljót að klæða sig. Í merku unglingablaði einu í Bandaríkjunum, *Youth's Companion*, er nýlega mint á hið sama á þessa leið:

Frá sjónarmiði mannsins og föðursins er það talinn einn af ágætis kostum hvernar konu eða stúlku, að hún sé fljót að klæða sig. Hún getur verið alt eins laglega búin fyrir það. Því laglegar sem hún er búin, því betra. Hægt er að klæða sig laglega og vera þó fljótur að því. Það þarf að verða að vana fyrir stúlku eins og dreng. Það verður þá ekki hægt að segja um hana, þegar hún er orðin kona, að maðurinn hennar þurfi á ný að raka sig, meðan hann bíður eftir því, að hún verði til að fara út með honum. Það er yfirsjón mæðra að halda áfram með að klæða börnin eða hjálpa þeim til þess að klæða sig lengur en nauðsynlegt er. Að kenna barni sjálfs-traust og venja það á að sjá um sig sjálft ætti að vera nógu áriðandi til þess að hver móðir léti sér ant um það, þótt að eins

væri vegna uppeldis-agans. Horfum á mann úr slökkviliði fara í fötin og komast á staðinn sinn á vagni með slökkvi-slöngurnar eða þann með stigana. Þar sést, hvað langt er hægt að komast í því bæði að klæða sig fljótt og vel.

SÖGUR UM DÝR.

Eftir handriti H. Kr. Fr.

V.

Fyrir nokkrum árum var jurtasali einn í Edinborg á Skotlandi. Ekki er þess getið, hvert nafn hans var. Hann átti hund. Um stræti það, þar sem jurtasaliinn bjó, fór maður, sem hafði smákökur til sölu, og hringdi bjöllu sinni. Einhverju sinni gaf hann hundi þessum eina köku. Þá er hundurinn í næsta sinn heyrði til bjöllu kökusalans, hljóp hann þegar í hann, beit í kjól hans, og vildi með engu móti sleppa honum, eða láta hann halda lengra áfram. Kökusaliinn skildi, hvað hundurinn vildi, sýndi honum smápening og benti honum á húsbónda hans, er stóð í dyrunum og horfði á. Hundurinn hljóp þegar til hans, og bað hann með ýmsum auðmýktarlátum um peninginn. Jurtasaliinn lét samskonar smápening upp í hundinn; þaut hundurinn þegar til kökusalans, og fékk honum peninginn, og fékk svo köku fyrir. Þessi verslun kökusalans og hundsins hélst um langa tíma og hentu nágrannarnir mikið gaman að.

VI.

Sáralæknir einn nefndist Mórland; hann átti heima í Parísborg á Frakklandi. Vinur hans einn átti hund, er fótbraut sig. Fyrir vináttu sakir tók Mórland hund þennan til lækninga og læknaði hann að fullu og öllu. Nokkru síðar, er Mórland sat að vinnu sinni heima hjá sér, heyrði hann, að klórað var í hurðina á herberginu, þar sem hann sat. Hann gekk til dyra og lauk upp, og varð næsta forviða við, er hann sá hund þann koma inn, er hann hafði læknað. Honum fylgdi annar hundur, og var sá fótbrottinn, og dróst með mestu herkjum og hægð á eftir leiðtoga sínum. Hinn hundurinn tók að flaðra upp um Mórland, og gaf honum í skyn, hvers hann æskti. „Jæja“—mælti Mórland—, „í þetta skifti skal eg gjöra, sem þú biður; en kom þú eigi oftar til mín með slík störf.“

SAGA FYRIR SKÓLADRENGI.

Eftir *Mark Twain*.

Þegar Mark Twain kom síðast til hinna fornu heimkynna sinna, bæjarins Hannibal í Missouri, á hann að hafa sagt skólabörnunum þar sanna sögu um skóladreng einn.

Eg ætla að segja ykkur sögu um skóladreng — segir hann. Drengur þessi vaknaði einn morgun fár-veikur. Hann veinaði svo, að fólk varð hrætt. Óðar var sent eftir lækni. Og hann kom að vörmu spori á hendings kasti inn í herbergið til sjúklingsins. „Hvað er að?“—spyr hann. — „Mér er ilt í síð-ummi“—segir drengur. „En í höfðinu?“—„Já!“—segir hann. — „Er ekki hægri höndin á þér stíð?“ — „Ofurlítið.“ — „En hvernig er hægri fóturinn?“ — „Hann er líka stíður.“

Læknirinn deplar augunum framan í móður hans. Segir svo: „Jæja, drengur minn! Þú ert býsna-veikur. En á mánu-daginn geturðu aftur farið í skólann. En, eftir á að hyggja, í dag er laugardagur, og—“

„Er laugardagur í dag?“—segir drengur í gremju-róm. „Eg hélt það væri föstudagur.“

Að hálfri stundu liðinni sagðist drengur vera orðinn frískur og fór á fætur. En þá var ekki beðið með að senda hann í skólann, því raunar var það föstudagur.

Prentvilla leiðrétt. — Í sálminum í síðasta blaði „Barnanna“, seinasta versu, stendur: „Eg traust og líf þitt er“, en á að vera: „Eg traust og líf þitt sé“.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.